

1871.

20. septbr.

**86. Bréf dómshalastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um tíundagjöld af Möðrudal.**

Um leið og amtið með bræfi 20. maí þ. á. sendi hingað bænarskrá, þar sem Sigurður bóndi Jónsson í Möðrudal í Jökulsdalshrepp í Norðurmúlasýslu hefir sókt um að verða undanþeginn að greiða konungstíund af tæðri jörðu, sem fyrrum var stólsjörð frá Skálholti, og að sér verði borgað aptur það tíundagjald, sem hann þykist hafa greitt um of, hefir amtið lagt það til, að hlutaðeiganda sýslumanni verði veitt heimild til, að sleppa því eptirleiðis, að heimta tíund af þessari jörðu, og að sú tíund, sem heimtuð var á manntalsþingi þessa árs, verði borguð sækjanda aptur, en að því leyti, sem snertir þá tíund, sem fyr er goldin, álitur amtið, að málið verði að ganga til dóms og laga.

Eptir að vör höfum skrifazt á útaf þessu við stjórnardeild reikningsmálanna, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að með því Möðrudalur var seldur, þegar meir en 7 ár voru liðin frá því, að mesti hluti af stólsjörðum Skálholts stiptis voru seldar, og með því tíundaskrár þær fyrir Jökulsdalshrepp, sem fylgja með reikningum Norðurmúlasýslu, sýna, að sækjandi hefir goldið tíund af jörðunni í meir en 22 ár, þá verður að sanna með staðfestum útskriptum af uppboðsskilmálunum, og afsalsbræfi því fyrir jörðunni, sem gefið var út 8. septbr. 1798, að Möðrudalur ásamt tveimur tilheyrandi hjáleigum hafi verið seldur með tíundafrelsi, áður en það verður veitt, sem sókt er um, og jafnframt skal þess getið, að þó það verði veitt, þá verður sækjandi aðeins leystur frá tíundaskyldu þessari frá því ári, er hann hefir krafizt þessa.

20. septbr.

**87. Bréf dómshalastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um silfurbergsnám í Helgustaðafjalli.**

Til samlags við bréf stjórnarráðsins 9. f. m. um leigu silfurbergsnámans í Helgustaðafjalli, sem er þjóðeign, til kaupmanns

C. D. Túlínúsar fyrir eitt ár, talið frá 1. janúar 1872, mælumst vèr til útaf brèfi yðar, dagsettu 7. f. m., að þèr bjóðið bæði hlutað-eiganda umboðsmanni og sýslumanni Ólíváriu að hafa nákvæmar gætur á, að kaupmaður Túlínúsi eigi noti námið á þann hátt, að það geti lagzt í eyði. Ef svo ber undir, að hætt verði við að námið skemmist, verður að gefa honum til kynna, að stjórnarráðið mun heimta fullar bætur fyrir skaða þann, sem kann að hafa hlotizt af rangri meðferð á námanum.

1871.

20. septbr.

**88. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um gjald amtmanns til jafnaðarsjóðsins.<sup>1</sup>**

21. septbr.

Í brèfi 6. maí þ. á. hefir kanselliráð *Smith*, sem þá var settur amtmaður, leidd athygli stjórnarráðsins að því, að fyrrum amtmaður í norður- og austuramtinu, Havstein, hafi eigi goldið neitt tillag til jafnaðarsjóðsins um þá tíð, hann var í þessu embætti, þótt svo sè fyrir mælt í opnu brèfi 8. júní 1851,<sup>2</sup> að embættismenn eptirleiðis skuli greiða þetta gjald af tíundbæru lausafé sínu jafnt sem bændur, en amtmaður Havstein hefir borið fyrir sig, að opið brèf 8. júní 1851, sem sè almennt lagaboð, hafi ekki getað numið úr gildi þá sèrstaklegu ákvörðun í tíunda-reglugjörðinni 17. júlí 1782,<sup>3</sup> 5. grein, þar sem svo er fyrir mælt, að amtmennirnir skuli vera lausir við að telja fram eigur sínar til tíundagjalds, og greiða þau gjöld, sem af þessu leiðir. Hinn setti amtmaður áleit aptur á móti, að opið brèf 8. júní taki ekki amtmenn undan því, að greiða þetta gjald, með því honum finnst, að orðið »tíundbæru« í tæðu opnu brèfi tákni eiginlegleika við lausaféð yfirhöfuð, en sè eigi haft til þess að taka undan lausafé

<sup>1</sup>) Sama dag var stiptamtanni, biskupi og amtmanninum í vesturumdæminu sent eptirrit af þessu brèfi.

<sup>2</sup>) Lovsamling for Island, XV., 109.

<sup>3</sup>) Lovsamling for Island, IV., 654.